



Þrautseigt hagkerfi við háa vexti

Hagspá Hagfræðideildar Landsbankans 2024-2026

29. apríl 2024



Helstu niðurstöður



Spáum 0,9% hagvexti á þessu ári. Einkaneysla eykst lítið og fjármunamyndun stendur nánast í stað þar sem háir vextir letja vöxt. Við spáum svo 2,2% hagvexti á næsta ári og 2,6% árið 2026.



Verðbólga verður þrálát á næstu mánuðum og mælist að jafnaði 6% í ár, gangi spáin eftir. Hún hjaðnar svo í 4,4% á næsta ári og 3,5% árið 2026. Við gerum ekki ráð fyrir fyrstu vaxtalækkunum fyrr en á fjórða ársfjórðungi þessa árs.



Búast má við vaxandi ferðaþjónustu, þótt hægi á. Við gerum ráð fyrir 2,3 milljónum ferðamanna til landsins í ár, álíka mörgum og á metárinu 2018.



Eftirspurnarþrýstingur virðist nokkur á íbúðamarkaði þrátt fyrir háa vexti og gerum við því ráð fyrir að íbúðaverð mælist að jafnaði 7% hærra í ár en í fyrra. Á næsta ári spáum við tæplega 9% hækkun og hátt í 8% hækkun árið 2026.




Sem fyrr er hagspáin óvissu háð. Má þar nefna ófrið og stríðsrekstur sem gæti haft áhrif á efnahag ýmissa viðskiptalanda okkar. Þar að auki standa eldsumbrot á Reykjanesskaga enn yfir. Þau gætu ógnað innviðum á svæðinu og haft einhver áhrif á ferðaþjónustu þar.

Háir vextir halda aftur af hagvexti

Hagvöxtur og framlag undirliða

Magnbreyting milli ára




Eftir mikinn hagvöxt síðustu ár er komið að kaflaskilum í íslensku hagkerfi. Við spáum takmörkuðum hagvexti á þessu ári, eða aðeins 0,9%. Við gerum ráð fyrir að Peningastefnunefnd Seðlabankans haldi vöxtum háum til þess að ná niður verðbólgu með þeim afleiðingum að það hægir á hagkerfinu, sem engu að síður sýnir þrautseigju og vex á milli ára.

Hagvöxtur verður sem fyrr drifinn áfram af útflutningi sem við spáum að aukist um 2,9% í ár. Það hægir mikið á innlendri eftirspurn. Við spáum aðeins 0,9% vexti einkaneyslu og fjármunamyndun stendur nánast í stað á milli ára.

Það birtir til þegar líður á spátímann. Vextir lækka smám saman allt næsta og þannæsta ár og hagvöxtur verður 2,2% á næsta ári og 2,6% á þannæsta ári, gangi spáin eftir.

Yfirlit yfir hagspá Hagfræðideildar Landsbankans

Landsframleiðsla og helstu undirliðir hennar	Í mö.kr.	Magnbreytingar frá fyrra ári (%)			
	2023	2023	2024	2025	2026
Verg landsframleiðsla	4.279	4,1	0,9	2,2	2,6
Einkaneysla	2.139	0,5	0,9	1,8	2,5
Samneysla	1.098	2,2	1,6	1,5	1,9
Fjármunamyndun	1.014	-0,6	0,1	2,0	3,3
Atvinnuvegafjárfesting	656	0,9	0,7	2,0	2,8
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	196	-0,3	-1,0	3,0	6,0
Fjárfesting hins opinbera	163	-6,1	-1,0	1,0	2,0
Þjóðarútgjöld alls	4.281	1,2	0,2	1,8	2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	1.856	4,8	2,9	3,1	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	1.858	-1,4	1,2	2,2	2,8
Stýrivextir og verðbólga		2023	2024	2025	2026
Meginvextir SÍ, 7 daga bundin innlán, lok árs, %		9,25	8,75	6,00	4,25
Verðbólga, ársmeðaltal, %		8,7	6,0	4,4	3,5
Gengi evru, lok árs		150,5	148,0	146,0	145,0
Fasteignaverð, ársmeðaltal, %		5,1	7,0	8,8	7,7
Vinumarkaður		2023	2024	2025	2026
Vísitala launa, ársmeðaltal, %		9,8	6,6	6,1	5,5
Kaupmáttur launa, ársmeðaltal, %		0,9	0,6	1,6	2,0
Atvinnuleysi, ársmeðaltal, %		3,3	4,0	4,2	3,9
Viðskiptajöfnuður		2023	2024	2025	2026
Fjöldi erlendra ferðamanna, þúsund manns		2.224	2.300	2.400	2.500
Vöru- og þjónustujöfnuður, %VLF		-0,1	0,8	0,5	0,6
Viðskiptajöfnuður, %VLF		1,0	0,6	0,3	0,3




Verðbólga, vextir og gengi

Háir vextir en verðbólga hjaðnar

Spáum óbreyttum vöxtum fram í október

Verðbólga, stýrivextir og raunstýrivextir



Þótt verðbólga hafi hjaðnað þó nokkuð á síðustu mánuðum hefur peningastefnunefnd haldið stýrivöxtum óbreyttum síðan í ágúst í fyrra. Á marsfundi nefndarinnar var rætt að vaxtalækkunarferli þyrfti að hefjast á „trúverðugum tímavarki“ og ekki fyrr en „skýrar vísbendingar“ væru komnar fram um hjaðnandi verðbólgu.


Við spáum því að stýrivextir verði ekki lækkaðir fyrr en á fjórða ársfjórðungi þessa árs og munu þá hafa haldist óbreyttir í 9,25% í rúmt ár. Með nokkuð jöfnu vaxtalækkunarferli verði stýrivextir komnir niður í 4,25% undir lok spátímans, sem nær til ársloka 2026.

Samkvæmt spánni ná raunstýrivextir hámarki í 3,5% á þriðja ársfjórðungi þessa árs, þegar verðbólga hefur hjaðnað án þess að vextir hafi verið lækkaðir. Raunstýrivextir taka svo að lækka með lækkandi vaxtastigi og verða í kringum eitt prósent undir lok spátímans.


Peningastefnunefnd tilkynnti snemma í apríl að bindiskylda yrði aukin úr 2% í 3%. Almenn getur hækkun bindiskyldu aukið aðhaldsstig peningastefnu en að mati nefndarinnar ættu áhrifin að vera takmörkuð nú vegna rúmrar lausafjárstöðu bankanna.

Verðbólga þrálát þótt hún hjaðni

Verðbólga eftir eðli og uppruna



Verðbólga



Verðbólga náði hámarki í 10,2% við upphaf síðasta árs en hefur smám saman hjaðnað á síðustu mánuðum og mældist 6,0% í apríl. Verðbólga hefur ekki síst verið drifin áfram af húsnæðisverðshækkunum, en einnig hækkandi verði á þjónustu og hinum ýmsu vörum, bæði innlendum og innfluttum.

Við teljum að verðbólga verði nokkurn veginn óbreytt í kringum 6% yfir sumarmánuðina. Svo spáum við því að hún hjaðni undir lok árs og verði að meðaltali 5,5% á fjórða ársfjórðungi þessa árs, um það leyti sem vaxtalækkunarferlið hefst.

Samkvæmt spánni heldur verðbólga svo áfram að hjaðna og verður komin undir efri vikmörk verðbólgu markmiðs Seðlabankans, 4% verðbólgu, í byrjun árs 2026. Smám saman dregur áfram úr verðbólguþrýstingi árið 2026 og við lok spátímans teljum við að verðbólga mælist 3,2%.

Til þess að verðbólguþrýstingur gangi eftir þarf eftirspurn að gefa eftir, ríkisfjármálastefna stjórnvalda að vera trúverðug og launahækkunarferlið að vera hóflegar.

Spáum hægfara styrkingu krónunnar

Gengisþróun

Verð á evru




Við spáum því að krónan styrkist smám saman á spátímanum. Horfur í utanríkisviðskiptum eru nokkuð góðar og við búumst við lítils háttar afgangi af viðskiptum við útlönd. Áfram stefnir í nokkurn vaxtamun við útlönd sem styður við gengi krónunnar og í því samhengi má benda á aukinn áhuga erlendra aðila á íslenskum ríkisskuldabréfum. Markaðsaðilar eru almennt bjartsýnir á gengi krónunnar sem sést meðal annars í stöðu framvirkra samninga með gjaldeyri.

Hugsanlega er þegar búið að verðleggja þessa áhrifaþætti inn í gengið. Eins og alltaf má búast við þó nokkrum gengissveiflum innan árs og jafnvel innan mánaða á spátímabilinu.

Raungengi á uppleið


Raungengi

Vísitala, 2005 = 100



Raungengi

Breyting milli ára ásamt framlagi áhrifaþátta



Við teljum að raungengið hækki á spátímabilinu. Gangi spáin eftir verður raungengið 2026 svipað og það var þegar það var hvað hæst á síðasta uppgangstíma ferðapjónustunnar árið 2017.

Gangi gengisspáin eftir verður nafngengi í ár svipað að meðaltali og í fyrra, þrátt fyrir styrkingu það sem eftir er árs. Hækkun raungengisins á þessu ári verður eingöngu vegna þess að verðbólga er meiri hér en í helstu viðskiptalöndum okkar.

Á næstu tveimur árum hækkar raungengið svo áfram, aðallega vegna hlutfallslega mikillar verðbólgu hér á landi en þó einnig vegna sterkara nafngengis. Þetta þýðir til dæmis að evrópskur ferðamaður fær færri krónur fyrir hverja evru og einnig minna magn af vörum og þjónustu hér á landi fyrir hverja krónu.




Vinnumarkaður, kaupmáttur og neysla

Launahækkunir hóflegar en
kaupmáttur eykst

Einkaneysla eykst lítið næstu ár


Þróun einkaneyslu

Breyting milli ára



Árleg einkaneysla

Ma.kr. á föstu verðlagi 2023




Við spáum því að einkaneysla aukist hóflega á þessu ári og að hátt vaxtastig haldi aftur af henni líkt og á seinni hluta síðasta árs. Þegar vextir taka að lækka er viðbúið að einkaneysla aukist meira, en þó lítið í sögulegu samhengi. Við spáum því að einkaneysla aukist um 0,9% á þessu ári, 1,8% á næsta ári og loks um 2,5% á árinu 2026.


Áfram eru horfur á að spenna á vinnumarkaði laði erlent starfsfólk til landsins. Því heldur landsmönnum áfram að fjölga, en þó hægar en á síðustu árum. Fólksfjölgun tryggir að einkaneysla í heild aukist, jafnvel þótt einkaneysla á mann kunni að dragast saman. Í fyrra jókst einkaneysla til að mynda um 0,5% á sama tíma og einkaneysla á mann dróst saman um 2%.

Aukinn sparnaður og minni kortavelta

Innlán og yfirdráttur heimilanna




Greiðslukortavelta heimila




Þótt heimilin virðist lítillega bjartsýnni á efnahagsástandið samkvæmt könnun Gallup, sem var framkvæmd undir lok síðasta árs, hafa þau haldið að sér höndum. Kortavelta dróst saman nánast allt síðasta ár.

Hátt vaxtastig hefur hvatt til sparnaðar og dregið úr neyslu sem endurspeglast í auknum innlánum og samdrætti í kortaveltu. Athygli vekur þó að stór hluti mánaðarlegrar kortaveltu heimila fer alla jafna fram erlendis, eða um 20%. Þetta bendir annað hvort til aukinnar verslunar við erlendar netverslanir eða aukinnar neyslu í utanlandsferðum Íslendinga, nema hvort tveggja sé.

Einkaneysla og væntingavísitala Gallup




Hlutfall af kortaveltu heimila sem fer fram erlendis




Vinumarkaðurinn hefur staðið af sér vaxtahækkanir

Eftirspurn eftir vinnuafli



— Fyrirtæki sem telja vera skort á starfsfólki
 — Fyrirtæki sem telja vera nægt framboð af starfsfólki

Áform um ráðningar næstu sex mánuði



■ Fyrirtæki sem vilja fjölga starfsfólki, desember 2023
 ■ Fyrirtæki sem vilja fjölga starfsfólki, mars 2024

Á seinni hluta síðasta árs mátti greina óljós merki um að lítillega hefði dregið úr spennu á vinnumarkaði. Sú þróun kom ekki á óvart, enda mátti draga þá ályktun að eftir því sem vextir tækju að hægja á eftirspurn í hagkerfinu kæmu áhrif þeirra sífellt skýrar í ljós á vinnumarkaði.

Niðurstöður úr nýlegri könnun Seðlabankans meðal stjórnenda stærstu fyrirtækjanna sýna aftur á móti að eftirspurn eftir vinnuafli kunni að hafa aukist á ný. Auk þess hefur atvinnuleysi lítið sem ekkert aukist, sé tekið tillit til árstíðabundinna sveiflna, og því hugsanlegt að spennan á vinnumarkaði sé þrálátari en áður var talið.


Spenna á vinnumarkaði, með tilheyrandi eftirspurn eftir starfsfólki, bætir samningsstöðu launafólks og eykur þannig líkurnar á launaskriði. Ólíklegt má telja að vextir verði lækkaðir að ráði á meðan vinnumarkaðurinn er jafn spenntur og raun ber vitni.

Við spáum því að með aðhaldssamri peningastefnu takist að draga lítillega úr spennunni á næstu mánuðum. Laun hækki minna en síðustu ár og atvinnuleysi aukist lítillega.

Hóflegri launahækkanir en síðustu ár


Launapróun og spá

Breyting á launavísitölu milli ára



Kaupmáttur launa og spá

Raunbreyting milli ára



Í nýjum kjarasamningum á stórum hluta vinnumarkaðarins er kveðið á um tiltölulega hóflegar launahækkanir og gera má ráð fyrir að samningar annarra hópa taki að miklu leyti mið af þeim. Við spáum því að laun hækki talsvert minna á næstu árum en undanfarin þrjú ár. Launaskrið muni þó áfram gera vart við sig upp að einhverju marki, á meðan spenna ríkir á vinnumarkaði.


Launavísitalan hefur hækkað um 7,5% á ári að meðaltali á síðasta áratugnum. Við spáum því að hækkanir verði undir meðaltalinu næstu árin, um 6,6% í ár, um 6,1% á næsta ári og um 5,5% árið 2026.

Sé miðað við verðbólguþá okkar má gera ráð fyrir að kaupmáttur aukist um 0,6% á þessu ári, 1,6% á því næsta og 2% árið 2026.

Atvinnuleysi eykst lítillega með minnkandi efnahagsumsvifum


Atvinnuleysi

Ársmeðaltöl



Heildarvinnustundir

Breyting milli ára og framlag áhrifaþátta



Þótt dregið hafi úr eftirspurn í hagkerfinu á síðustu mánuðum hefur atvinnuleysi lítið aukist. Það kann að skýrast að hluta til af því hversu stór hluti vinnuaflsins er aðfluttur - ef störfum fækkar flytja færri til landsins og einhverjir flytja jafnvel burt.

Atvinnuleysi hefur þó ekki komist niður í sömu gildi og fyrir faraldurinn, líklega einmitt vegna þess hversu stórum hluta eftirspurnar hefur verið mætt með aðflutningi erlends launafólks. Þróun atvinnuleysis ræðst þannig bæði af því hver efnahagsumsvifin verða á næstu árum og hvort hreyfanleiki vinnuafls verður jafn mikill og síðustu ár.

Heildarvinnustundum hefur fjölgað sífellt frá því faraldurinum línnti. Síðasta eina og hálfu árið hefur sú fjölgun ekki síst verið drifin áfram af fjölsfjölgun. Við gerum ráð fyrir lítillega auknu atvinnuleysi næstu mánuði og spáum 4,0% að meðaltali á þessu ári, 4,2% á því næsta og 3,9% árið 2026.


Mynd til vinstri: 2024-2026 er spá Hagfræðideildar. Mynd til hægri: Aukið atvinnuleysi kemur fram sem neikvætt framlag til vaxtar heildarvinnustunda. Ársfjórðungslegar tölur byggðar á meðaltölum mánaðarlegra gagna.

Heimild: Vinnuálagstofnun, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

Samneysla eykst örlítið minna en síðustu ár

Samneysla

Ma.kr. á föstu verðlagi 2023



Samneysla hefur aukist lítillega á milli ára síðustu ár. Í henni felast kaup ríkis og sveitarfélaga á vörum og þjónustu, svo sem launagreiðslur til opinbers starfsfólks. Samneysla jókst um 2,2% í fyrra og 2,3% árið 2022.

Spá okkar um að samneysla aukist aðeins minna næstu ár byggir fyrst og fremst á þeim forsendum að landsmönnum fjölgi hlutfallslega minna en síðustu ár og að laun opinbers starfsfólks hækki ekki jafn mikið og þau hafa gert. Ef landsmönnum fjölgar hægar en verið hefur má gera ráð fyrir að útgjöld hins opinbera vegna kaupa á þjónustu fyrir almenning aukist ekki jafn mikið, og sérstaklega ef laun hækka minna.

Áfram verður krafa um aðhald í ríkisrekstri en almennt er vandasamt fyrir stjórnvöld að draga úr samneyslu. Líklega freista stjórnvöld þess frekar að halda aftur af opinberri fjárfestingu. Við teljum að samneysla aukist um 1,6% í ár og 1,5% á næsta ári. Svo má gera ráð fyrir lítillega meiri aukningu árið 2026, 1,9%, þegar efnahagssumsvif hafa tekið að aukast aftur enda kann aukin fjárfesting að kalla á aukna fólksfjölgun.




Íbúðamarkaður, atvinnulíf og opinber fjárfesting

Beðið eftir vaxtalækkunum

Fjármunamyndun eykst hóflega næstu ár

Fjármunamyndun og framlag undirliða

Raunbreyting milli ára



Fjármunamyndun jókst verulega á árunum 2021 og 2022, þegar vextir voru lægri. Hún var fyrst og fremst drifin áfram af aukinni atvinnuvegafjárfestingu. Í fyrra dróst fjárfesting lítillega saman vegna minnkandi fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og minni fjárfestingar hins opinbera.


Við gerum ráð fyrir að hátt vaxtastig haldi áfram aftur af fjármunamyndun á þessu ári og að í heild aukist hún aðeins um 0,1%. Svo sjáum við fram á aukinn kraft á næstu tveimur árum í öllum undirflokkum fjármunamyndunar eftir því sem vaxtastigið fer lækkandi.

Þá má einnig nefna afmarkaðri þætti, eins og áform um virkjanaframkvæmdir, sem ættu að ýta undir atvinnuvegafjárfestingu, byggingu nýs Landspítala, sem kallar á aukna opinbera fjárfestingu og hækkandi íbúðaverð, sem ætti að auka hvata til uppbyggingar á íbúðarhúsnæði.

Aukið líf á íbúðamarkaði - eftirspurn Grindvíkinga og vaxtalækkunar


Íbúðaverð

12 mánaða breyting




Íbúðaverð

Breyting milli mánaða



Íbúðaverð - þróun og spá

Ársbreyting (meðaltal milli ára)



Aukinn kraftur virðist hafa færost í íbúðamarkað undir lok síðasta árs og á fyrstu mánuðum þessa árs, eftir ládeyðu á markaðnum yfir vor- og sumarmánuðina í fyrra og lítilsháttar verðlækkunar. Skilyrði til töku hlutdeildarlána voru rýmkuð um mitt síðasta ár sem má ætla að hafi aukið eftirspurn eftir íbúðum. Uppkaup stjórnvalda á húsnæði í Grindavík og innkoma Grindvíkinga á markaðinn annars staðar hefur svo aukið eftirspurnina enn frekar og kynt undir væntingar um verðhækkunar.

Samkvæmt spánni taka vextir að lækka á seinni hluta þessa árs. Við það teljum við að eftirspurn eftir íbúðum aukist frekar og íbúðaverð hækki. Við gerum því ráð fyrir að áfram verði líf á íbúðamarkaði næstu misseri og að ekki slakni á spennunni nema biðin eftir vaxtalækkunum lengist til muna.


Í sögulegu samhengi verða verðhækkunar þó hóflegar, við spáum 7% hækkun í ár, 8,8% á næsta ári og 7,7% árið 2026. Í júní tekur Hagstofan upp nýja aðferð við útreikning á húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Líklega koma sveiflur á húsnæðisverði til með að hafa minni áhrif á verðbólguáætlun en þær hafa gert hingað til.



Íbúðafjárfesting eykst með lækkandi vöxtum og hækkandi íbúðaverði


Íbúðafjárfesting

Ma.kr. á föstu verðlagi 2023



Íbúðafjárfesting

Raubreyting á milli ára



Íbúðafjárfesting dróst saman um 0,3% í fyrra, mun minna en bráðabirgðapjóðhagsreikningar höfðu gefið til kynna. Íbúðafjárfesting hefur nú ýmist dregist saman eða staðið í stað í fjögur ár eftir kröftuga uppbyggingu árin á undan. Samkvæmt spánni dregst íbúðafjárfesting örlítið saman í ár, enda má ætla að viðvarandi hátt vaxtastig haldi aftur af fjölgun byggingarverkefna.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun spáir því að íbúðir sem rísi fullbyggðar á þessu ári verði 400 færri en í fyrra og að þeim fækki áfram um 250 á næsta ári og svo aftur um næstum helming á milli árána 2025 og 2026.


Í takt við spá okkar um hækkandi íbúðaverð næstu mánuði og smám saman lækkandi vexti, gerum við ráð fyrir auknum hvata til að byggja á seinni tveimur árum spátímans og að þá taki íbúðafjárfesting að aukast.

Því má búast við að þótt fáar fullbúnar íbúðir rísi árið 2026 verði þó nokkuð um framkvæmdir á fyrri byggingarstigum. Við spáum því að íbúðafjárfesting dragist saman um 1% í ár, aukist um 3% á næsta ári og um 6% árið 2026.

Ró yfir atvinnuvegafjárfestingu þar til vextir lækka


Almenn atvinnuvegafjárfesting og innfluttar fjárfestingarvörur

Breyting milli ára á föstu gengi 4F 2023



Atvinnuvegafjárfesting

Ma.kr. á föstu verðlagi 2023



Atvinnuvegafjárfesting hefur aukist til muna á síðustu árum og jókst um næstum 30% á milli ára þegar mest lét árið 2022. Í fyrra hægði á og við spáum áfram rólegum vexti í ár þar sem atvinnuvegafjárfesting eykst aðeins um 0,7%.


Innflutningur á fjárfestingarvörum jókst aðeins á fyrsta fjórðungi þessa árs sem kann að benda til þess að almenn atvinnuvegafjárfesting fari að aukast, en það er langstærsti undirliður atvinnuvegafjárfestingarinnar. Almennt verður þó vöxturinn lítill á meðan fjárfestingaskilyrði eru þröng vegna hárri vaxta.

Við spáum því að atvinnuvegafjárfesting aukist meira á síðari árum spátímans, m.a. vegna framkvæmda við Hvammsvirkjun, en einnig vegna lægri vaxta.

Áfram aðhald í opinberri fjárfestingu

Opinber fjárfesting

Ma.kr. á föstu verðlagi 2023



Á síðasta ári virðist hafa tekist að halda aftur af opinberri fjárfestingu, enda veruleg þensla í hagkerfinu og þörf á aðhaldi. Opinber fjárfesting dróst saman um 6,1% eftir 5,8% aukningu árið á undan. Hlutfall opinberrar fjárfestingar af vergri landsframleiðslu breyttist þó lítið, fór úr 4,1% árið 2022 í 3,8% árið 2023.

Áfram er bygging nýs Landspítala viðamesta opinbera fjárfestingin og gert er ráð fyrir að kostnaður við bygginguna nemi um 200 mö.kr. til ársins 2030. Á þessu ári má til dæmis ætla að af þeim rúmu 160 mö.kr. sem við áætluðum að ríkissjóður verji í opinbera fjárfestingu fari yfir 30 ma.kr. í fjárfestingu sem tengist nýja spítalanum.

Við spáum því að áfram verði reynt að halda aftur af opinberri fjárfestingu í ár og að hún verði um það bil sú sama og í fyrra á föstu verðlagi og dragist saman um 1%. Svo teljum við að hún aukist aðeins lítillega næstu tvö árin, um 1% árið 2025 og 2% árið 2026.




Utanríkisviðskipti

Góðar horfur þótt hægi á vexti

Spáum því að útflutningur aukist um 2,9% á þessu ári


Útflutningur

Breyting milli ára á föstu verðlagi 2023



Útflutningsspá

Framlag undirliða



Útflutningur eykst um 2,9% á þessu ári, gangi spá okkar eftir, vöruútflutningur um 2,6% og þjónustuútflutningur um 3,3%.


Vöxtur í ferðapjónustu verður mun hóflegri í ár en síðustu tvö ár. Útflutningur sjávarafurða eykst aftur á móti á milli ára eftir töluverðan samdrátt í fyrra. Aukningin í ár skýrist helst af auknum aflaheimildum á botnfiski sem vega upp á móti loðnubresti. Við gerum ráð fyrir að útflutningur á áli aukist minna í ár en síðustu ár, ekki síst vegna skerðingar á raforku til stórnotenda á fyrri hluta árs.

Annar útflutningur, þ.e. útflutningur á öðru en ferðapjónustu, áli og sjávarafurðum, hefur aukist umtalsvert síðustu ár. Við teljum að hann haldi áfram að aukast næstu ár og sérstaklega að horfur séu á auknum útflutningi lyfja og lækningavara sem tvöfaldaðist á milli ára í fyrra. Einnig gerum við ráð fyrir að útflutningur á eldisfiski færist í aukana.

Ferðamönnum fjölgar áfram þótt hægi á


Erlendir ferðamenn

Þúsund manns




Erlend kortavelta

Á föstu gengi




Gistinætur á hvern ferðamann

Í janúar og febrúar hvers árs



Kortavelta á hvern ferðamann

Á fyrsta fjórðungi hvers árs á föstu gengi



Á síðasta ári náði ferðapjónustan fyrri styrk eftir faraldurinn og gott betur. Erlend kortavelta á föstu gengi hefur aldrei verið meiri og met var slegið í fjölda gistinóttu ferðamanna, þótt ferðamenn hafi verið færri en á metárinu 2018.

Vöxtur í ferðapjónustu í ár og næstu ár verður töluvert minni en síðustu tvö ár. Við teljum að ferðamönnum fjölgi í ár úr 2,2 milljónum í 2,3 milljónir.


Það sem af er þessu ári hafa ferðamenn að meðaltali gist skemur en á sama tíma síðustu ár og sömuleiðis eytt minna. Erfitt er að segja til um nákvæma ástæðu, en við gerum ekki ráð fyrir að þessi þróun sé komin til að vera og teljum að horfur séu á góðu sumri í ferðapjónustu.

Við spáum því að ferðapjónustuárið í ár verði stærra en í fyrra á flesta mælikvarða, þótt greinin vaxi minna en síðustu ár.

Útflutningur sjávarafurða eykst í ár eftir samdrátt í fyrra

Útflutningsverðmæti sjávarafurða eftir helstu tegundum

Í m.e.kr. á föstu gengi 4F 2023




Útflutningur sjávarafurða eykst lítillega í ár eftir nokkurn samdrátt á síðasta ári, gangi spá okkar eftir. Aukning á botnfiskafla, bæði þorski og ýsu, mun vega upp loðnubrest í ár. Auk þess gerum við ráð fyrir að hluti af loðnuhrognum frá síðustu vertíð verði seldur í ár.

Aflaheimildir á þorski voru auknar um 1% fyrir yfirstandandi veiðitímabil og ýsukvóti um 23%. Aflaheimildir á þorski hafa minnkað síðustu ár, en horfur eru á að þær aukist næstu ár.

Annar útflutningur eykst næstu ár


Annar vöruútflutningur

Á verðlagi hvers árs



Annar þjónustuútflutningur

Á verðlagi hvers árs



Fjölbreytni í íslenskum útflutningi hefur aukist töluvert síðustu ár. Það endurspeglast ekki síst í því að hlutdeild „annars útflutnings“ hefur aukist hratt, þ.e. útflutningur á öðru en sjávarútvegi, áli eða ferðaþjónustu.


Til að mynda tvöfölduðust útflutningsverðmæti lyfja og lækningarvara á síðasta ári og horfur eru á enn frekari aukningu næstu ár. Útflutningur frá fiskeldi hefur einnig færst verulega í aukana síðustu ár og útlit er fyrir áframhaldandi vöxt á komandi árum, m.a. með auknu landeldi.

Annar þjónustuútflutningur hefur einnig aukist jafnt og þétt síðustu ár, ekki síst vegna aukinna umsvifa íslenskra tækni- og hugbúnaðarfyrirtækja, en einnig aukinnar flutningaþjónustu. Þessi liður byggir að miklu leyti á útfluttu hugviti og sérþekkingu og því eru vaxtarmöguleikar í þessum greinum töluvert meiri en í hinum hefðbundnu útflutningsgreinum.

Innflutningur þróast í samræmi við aðrar hagstærðir


Innflutningur eftir helstu flokkum

Á verðlagi hvers árs



Innflutningur – þróun og spá

Raunbreyting milli ára



Innflutningur dróst saman í fyrra á föstu verðlagi, eftir að hafa aukist hratt í kjölfar faraldursins. Samdráttinn má rekja til minni vöruinnflutnings en árið áður, en lítill vöxtur í bæði atvinnuvegafjárfestingu og einkaneyslu kallar á minni vöruinnflutning. Einnig jókst þjónustuinnflutningur lítið á milli ára í fyrra.

Í samræmi við spá okkar um að einkaneysla og fjárfesting aukist lítið á milli ára í ár gerum við ráð fyrir takmörkuðum vexti innflutnings í ár, eða um 1,2% og á bilinu 2-3% vexti næstu ár á eftir.

Olía og sjávarafurðir hækka á árinu en ál lækkar örlítið

Við gerum ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu verði að meðaltali um 89 USD/fatið (+10% á milli ára) á þessu ári, að verð á áli verði örlítið lægra í ár en í fyrra, um 2.290 USD/tonn (-1,0% á milli ára) og að verð á sjávarafurðum hækki um 2,6% á milli ára.

Heimsmarkaðsverð á olíu

USD/fatið




Heimsmarkaðsverð á áli

USD/tonn



Verðvísitala sjávarafurða


Jan 2018 = 1000



Lítillsháttar afgangur á viðskiptum við útlönd


Viðskiptajöfnuður

Ma.kr.



Vöru- og þjónustujöfnuður

Ma.kr.



Rekstrarframlög
 Þjónustujöfnuður
 Viðskiptajöfnuður

Jöfnuður frumpáttatekna
 Vöruskiptajöfnuður

Annar útlutningur
 Útflutt ál og álafurðir
 Innflutningur

Útfluttar sjávarafurðir
 Útflutt ferðaþjónusta


Í fyrra mældist afgangur af viðskiptum við útlönd þrátt fyrir smávægilegan halla á vöru- og þjónustujöfnuði vegna afgangis af frumpáttatekjum, sem má rekja til verri afkomu álfyrirtækjanna sökum lægra álverðs.

Við spáum lítills háttar afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum næstu árin þar sem þjónustuviðskipti vega upp halla á vöruskiptum. Við gerum svo ráð fyrir minni afgangi af frumpáttatekjum á næstu árum en í fyrra, en halla af rekstrarframlögum líkt og verið hefur síðustu ár.


Í heild spáum við lítillsháttar afgangi af viðskiptum við útlönd út spátímann.

Verri hagvaxtarhorfur hér en í öðrum þróuðum ríkjum á næsta ári

Hagvaxtarspá AGS



Verðbólguþá AGS



Líkt og fram hefur komið spáum við 0,9% hagvexti hér á landi á þessu ári, minni hagvexti en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) spáir í þróuðum ríkjum almennt en svipuðum og hann gerir ráð fyrir á evrusvæðinu og í Bretlandi.

Verðbólga hér á landi verður aftur á móti meiri en í þróuðum ríkjum öll ár spátímabilsins, gangi spár eftir. Við spáum að meðaltali 6% verðbólgu hér á landi á þessu ári en AGS spáir 2,6% verðbólgu í þróuðum ríkjum.

Víða um heim er nú beðið eftir vaxtalækkunum og hagvöxtur eftir því. AGS spáir batnandi horfum á næstu árum. Verðbólga fer hjaðnandi í heiminum og hagvöxtur glæðist víða í okkar viðskiptalöndum sem er mikilvægt fyrir utanríkisviðskipti og þar með efnahaginn hér á landi. Þó ber að hafa í huga að óvissa er mikil í heimshagkerfinu um þessar mundir, sérstaklega þar sem ófriðar gætir nú víða.

Fyrirvari

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.